Sterkar Sameinaðar þjóðir. Betri heimur.

Félag Sameinuðu þjóðanna
UNESCO skólar

Efniviður MUN ráðstefna

Efniviður MUN ráðstefna stýrst að sjálfsögðu af því hversu stór ráðstefnan er og hversu langur tími er gefinn í undirbúning og ráðstefnuna sjálfa.

Styttri útgáfa af MUN ráðstefnu þarf ekki að innihalda meira en opnunarræðu, óformlegar umræður og allsherjarþing. Í enn minni ráðstefnu er jafnvel hægt að sleppa opnunarræðu.

Lengri og stærri ráðstefna (með mörgum þátttakendum) getur á hagkvæman hátt innihaldið öll eftirfarandi hlutverk

Skráning

Skráning er framkvæmd áður en ráðstefnan hefst og er nýtt til þess að bjóða þátttakendur velkomna og gefa til kynna að stutt er í að ráðstefnan hefjist.
Við skráningu eru þátttakendur og fulltrúar landa lesnir upp og fá nafnspjöld og upplýsingar sem dreift er til allra. Upplýsingar geta til dæmis verið tímaáætlun, listi yfir lönd og fulltrúa þeirra, hvar þátttakendur eiga að sitja, dagskrá, matseðill og fleira. Hægt er að setja upplýsingarnar í snyrtilegar möppur til að gera þær formlegri.

Opnunarathöfn

Opnunarathöfnin gefur til kynna að „nú hefjist ráðstefnan“ og gefur upphafi ráðstefnunnar faglegt yfirbragð. Aðalritari ráðstefnunnar eða önnur manneskja heldur stutta ræðu og segir ráðstefnuna opna. Í athöfninni má hafa tónlist og ræður frá gestum. Ef ráðstefnan er haldin í skóla er sniðugt að fá skólastjóra til að halda ræðu.

Opnunarræður

Opnunarræður fulltrúa landa gefa fulltrúum færi á að segja öðrum þátttakendum hvaða málefni löndin munu leggja áherslu á og hvaða afstöðu maður hefur til þeirra. Hvert land á að halda opnunarræðu annað hvort í byrjun þings eða í minni nefndum.

Ályktanir

Fulltrúar landa skrifa ályktanir áður en ráðstefna hefst. Ályktun er tillaga um aðgerð / lausn málefna sem eru á dagskrá og skrifast eftir sérstöku formi. Ályktanir eiga að endurspegla skoðanir þess lands sem fulltrúar standa fyrir.

Almennar umræður (Lobbý)

Í almennum umræðum deila fulltrúar landa ályktunartillögum sínum með hver öðrum og samrýma tillögurnar svo að það land sem leggur ályktunina fram hafi stuðning þeirra sem tóku þátt í að setja hana saman.

Kennaranefnd

Kennaranefndin les og fer yfir ályktanirnar sem hafa orðið til í almennum umræðum til aðstoðar því landi sem setur svo ályktunina fram á þingi.

Nefndir

Á stærri ráðstefnum hittast fulltrúar landa í minni nefndum, sem skipaðar eru eftir málefni, til þess að fara yfir ályktanir. Hér eru ályktanir sem ekki komast í allsherjarþingið kosnar út. Á minni ráðstefnum, sem eru styttri en einn dagur og / eða með fáa þátttakendur, er þessum hluta ráðstefnunnar yfirleitt sleppt.

Allsherjarþing

Á þinginu er farið yfir þær ályktanir sem komast í gegnum kosningar í nefndum og venja er einnig að lönd fari með opnunarræður sínar hér. Ef nefndum er sleppt er meðferð ályktana eingöngu á allsherjarþingi.

Lokunarathöfn

Í lokunarathöfninni er fulltrúum þakkað fyrir þátttöku. Hafi verið ákveðið að gefa vinninga fyrir besta ræðumanninn, bestu rökræðurnar og svo framvegis, er það gert hér. Formaður og aðalritari / varaformaður þakka fulltrúum fyrir gott starf og tekur nokkur dæmi um hvað hafi gerst á ráðstefnunni. Hér má einnig hafa tónlistaratriði.